



2021-2022

Elstu börn Heilsuleikskólans Suðurvalla



Ragnhildur Hanna Finnbogadóttir

2021-2022

Starf elstubarna

Markmið elstu barnastarfsins eru:

- Að efla hópkennd og samvinnuhæfni.
- Að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust barnanna.
- Að efla skapandi hugsun og frumkvæði til náms.
- Að leggja grunn að áframhaldandi námi.

Leiðir að markmiðum:

- Hópurinn vinnur saman að verkefnum.
- Unnið er með þemaverkefni sem byggist á að samtvinna öll námsvið leikskólans og efla þekkingu barnanna á ákveðnu viðfangsefni. Þemanám ýtir undir löngun barna til þess að læra og er grunnur að góðum námsvenjum barna.
- Farið er einu sinni í viku í vettvangsferðir þar sem börnin fá tækifæri til þess að rannsaka náttúruna, umhverfið og samfélagið.
- Farið er í íþróttahúsið einu sinni í viku.
- Numicon og stærðfræði sem er byggð á leikjum sem efla þekkingu barna á að flokka, telja, raða og styrkja hugtakaskilning.
- Unnið er eftir læsisstefnu leikskólans:
 - Við leikum okkur með stafi, hljóð og númer.
 - Ritmálsörvun
 - Við vinnum með að efla hljóðkerfisvitund – markviss málörvun
 - Flókna texta/ kór
 - Við hvetjum til heimalesturs
 - Við lesum daglega fyrir börnin í hóp.

Starf elstubarna 2021-2022

Kórinn

Hefð er fyrir því til margra ára hér í leikskólanum að hafa kór elstu barna. Börnin æfa í hverri viku allan veturinn og sungnir eru erfiðari textar og lengri lög en börnin hafa áður gert í leikskólastarfinu. Þetta er frábær leið til málörvunar og æfir börnin í að koma fram. Tvisvar í vetur fór svo kórinn á stúfana og söng við góðar undirtektir fyrir fólk í sveitarfélaginu, fyrst í Álfagerði og svo í grunnskólanum og íþróttahúsinu. Aðal tónleikar kórsins voru svo við eigin útskrift í vor.

Þemastarf Málið okkar

Við höfum unnið málörvunarverkefnið Málið okkar undanfarin tvö skólaár. Fyrri árið var unnið eftir forskrift Bryndísar Guðmundsdóttur talmeinafræðings þar sem unnið var með þemu í stuttan tíma og mikil áhersla lögð á þjálfunarspil. Í haust ákváðum við eftir endurmat starfsfólks að vinna verkefnið áfram í þemavinnu en lengja mikið tímamann sem gefinn er fyrir hvert þema og vinna á annan hátt en að nota spil.



Frá september til loka nóvember var þemað Ég sjálfur. Innan þess þema var m.a. unnið með líkamann, tilfinningar, fjölskyldu, skólann minn, heimilið, föt, mat og fæðingardag.

Í desember var jólaþema.

Frá janúar til loka mars var þemað Umhverfið mitt. Þar var meðal annars unnið með bæinn okkar, landið/löndin okkar, himininn, störf og vistspor.

Frá apríl og fram að sumarleyfi var áherlsan á dýr og árstíðirnar. Þetta þema var ákaflega skemmtilegt og börnin köfðu djúpt í sjávardýr og fjörulíf, fugla og íslenska hestinn.

Annað sem unnið er með í þessu verkefni eru máhljóðin, spurnarorð, eintala og fleirtala, persónufornöfn, afstöðuhugtök og stigbreyting lýsingarorða.

Einnig höfum við haldið áfram að vera með læsishvetjandi umhverfi þar sem við notum ritmálsörvun, þemakassa með leikefni í hlutverkaleik og bjóðum alltaf upp á blöð og skriffæri.

Ferðir á árinu:

Sivertsen hús- byggðarsafn Hafnafjarðar

Í desember var farið að skoða Sivertsen húsið í Hafnafirði. Sivertsens- húsið er elsta hús Hafnafjarðar, byggt á árunum 1803-1805 af Bjarna Sivertsen. Hann var mikill athafnamaður í Hafnafirði á árunum 1794-1830 og rak þá útgerð, verslun og skipasmíðastöð í bænum. Börnin fengu að kynna hvernig jólin voru í gamla daga hjá Sivertsen-fjölskyldunni og fengu skemmtilega heimsókn frá óvæntum gesti.



Þegar búið var að skoða Sivertsens húsið fór hópurinn á Pallet kaffihús þar sem boðið var upp á smákökur og heitt súkkulaði. Hópurinn var til fyrirmyndar í ferðinni og fengu hrós frá mörgum sem voru á leið þeirra.

Útskriftarferð

Í maí fóru elstu börnin í ferð í Háabjalla sem er hér ofar í heiðinni. Farið var með rútu að morgni og dvalið á Háabjalla allan daginn. Þar skemmtu börnin sér í skóginum, gróðursettu tré í leikskólalundi skógrægtarfélagssins Skógfells, settu upp leikrit, fengu að fara á hestbak, grilluðu pylsur og margt fleira skemmtilegt. Að lokum labbaði hópurinn sæll og glaður í leikskólann.

Starf elstu barna- samstarf við Stóruvogaskóla

Samstarfið byggist á því að brúa bilið milli leikskólans og grunnskólans. Unnið er eftir Aðalnámskrá Leikskóla, 2011, um tengsl skólastiga. Markmiðið er að skapa öryggi og veita reynslu sem hægt er að byggja ný

námstækifæri á. Á síðastliðnum árum hefur mikil samvinna verið milli Heilsuleikskólans Suðurvalla og Stóru-Vogaskóla og búið er að móta ramma sem samstarfið byggist á.

Markmið samstarfsins eru:

- Að skapa samfellu í námi barna milli skólastiga.
- Að kennarar beggja skólastiga öðlist skilning á starfi hvers annars.
- Að stuðla að vellíðan barna við flutning milli skólastiga, gera börnin örugg fyrir áframhaldandi skólagöngu.
- Að börnin upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald leikskólans.
- Að miðlun upplýsinga um hag barnanna milli skólastiga sé skilvirk með það í huga að tryggja velferð, menntun og þroska nemenda samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla.



Leiðir að markmiðum:

- Leik-og grunnskólakennarar vinna saman að markmiðum.
- Samráð og gagnkvæmar heimsóknir barnanna eru markviss þáttur í starfinu.
- Elstu börn leikskólans fá góða kynningu á grunnskólanum, bæði að innan og utan.
- Elstu börn leikskólans fara í skipulagðar heimsóknir þar sem að þau kynnast dagskipulagi og innihaldi starfsins í grunnskólanum.
- Nemendur í fyrsta bekk koma í skipulagðar heimsóknir í leikskólann.
- Elstu börn leikskólans sækja íþróttatíma í íþróttahúsinu.
- Haldinn er skilafundur að vori.

Samstarf 2021-2022

Samráðsfundur um samstarf leik- og grunnskóla.

Kennarar beggja skólastiga mættu á fund þar sem dagsetningar og uppákomur voru ræddar. Tekið var mið af því sem hefur verið gert á undanförunum árum, starfið byggist á gagnkvæmum heimsóknum og samstarfi kennara.

Á þessum fundi var ákveðið að skipta börnunum í tvo hópa í skólaheimsóknum. Skólaheimsóknirnar fóru fram í mars og apríl. Rætt var um að heimsóknir fyrsta bekkjar í leikskólann yrðu 2. desember og 10. maí en ekkert varð af fyrri heimsókninni vegna sóttvarna í heimsfaraldri. Elstu börnin fengu boð á bókasafnið í byrjun nóvember. Heimsókn í grunnskólann var áætluð 17. febrúar en ekki tókst að koma henni við fyrr en í mars sökum samkomutakmarkanna. Ákveðið var að halda sameiginlegan fræðslufund fyrir foreldra í febrúar en vegna samkomutakmarkanna tókst ekki að halda fundinn fyrr en í mars.

Skipulagt var að leikskólabörnunum yrði boðið á litlu upplestrarkeppnina en vegna Covid faraldurs varð ekkert úr því.

Elstu börnum leikskólans var boðið á generalprufu fyrir árshátíð grunnskólans í apríl.

Þetta skólaár hefur einnig verið verkefni í gangi í grunnskólanum þar sem 7. bekkur saumar búninga og margnota poka fyrir leikskólann í textílmennt.

Íþróttir

Elstu börnin fóru í íþróttir í íþróttahúsi einu sinni í viku. Þar æfðu þau sig í að virða reglur íþróttahússins, klæða sig í íþróttaföt og efla kraft, styrk og þol. Kennarar fylgdu áætlun leikskólans fyrir íþróttir í samræmi við áherslur Heilsustefnununar.

4.nóvember 2021

Heimsókn í bókasafnið

Guli hópur heimsótti bókasafnið og fengu fræðslu um hvernig á að fara vel með bækur frá Svövu bókasafnskennara. Svava las skemmtilegar sögur fyrir hópinn og að lokum fengu börnin að skoða bókasafnið og bækurnar sem eru þar í boði. Börnin voru hvött til þess að koma aftur með foreldra sína í heimsókn.



Janúar 2020

Skoða skólalóðina.

Í vetur skoðuðu elstu börnin skólalóðina, rætt var um lóðarmörk og hvar má og hvar má ekki leika sér í frímínútum. Hópurinn fékk tækifæri til að prófa útileiktækin, fótboltavöllinn og rústirnar sem eru inn á skólalóðinni. Vakin var athygli á skólabjöllunni sem segir til um hvenær börnin fara í og úr frímínútum.

14.mars 2022

Elstu börnin í heimsókn í Stóru- Vogaskóla.

Hilmar skólastjóri Stóru-Vogaskóla tók á móti hópnum, sýndi þeim skólann og sagði frá því sem þar fer fram. Mikið var um að vera og skoðaði hópurinn meðal annars, unglíngadeildina og náttúrufræðistofuna og fengu að skoða í beinagrind og fleira. Hilmar gaf þeim góða kynningu og svaraði spurningum barnanna á því sem fer fram í skólanum.

23.mars 2022

Fræðslufundur foreldra

23.mars var haldin fræðslufundur fyrir foreldra barna fædd 2016 í Stóru-Vogaskóla. Tilgangur fundarins var að fræða foreldra um starfið sem er búið að vinna og það sem framundan er. Góð mæting var á fræðslukvöldinu. Hilmar skólastjóri og Margrét deildarstjóri sérkennslu



voru fulltrúar grunnskólans en Helga deildarstjóri Háabjalla var fyrir hönd leikskólans. Farið var yfir praktísk atriði fyrir foreldra, mikilvægi þess að lesa fyrir börnin og að passa upp á að þau fái nægan svefn. Farið var yfir starfið framundan í leikskólanum s.s. skólaheimsóknir og elstu barna starfið og svo var góð kynning á upphafi grunnskólagöngu, hlutverki kennara og foreldra, mikilvægi góðs samstarfs og fleira áhugavert. Foreldrar fengu tækifæri til þess að spyrja út í væntanlega skólagöngu barna sinna auk þess sem þeir sem vildu gengu um skólahúsnæðið með Hilmar. Foreldrar voru mjög ánægðir með fundinn og þar var mörgum spurningum þeirra svarað.

Mars og apríl 2022

Nemendurnir leikskólans fóru í tveimur hópum með leikskólakennara í heimsókn í Stóru-Vogaskóla og voru heilan skóladag í fyrsta bekk.

Kl. 8:10 – var lagt af stað frá leikskólanum.

Kennari og nemendur fyrsta bekkjar tóku á móti leikskólabörnunum.

Farið var í kennslustundir, tekið þátt í nestisstund, (leikskólinn sá um að útbúa nesti), börnin prófuðu að fara út í frímínútur, tóku þátt í heimastofuverkefnum, stöðvavinnu, heimilisfræði, myndmennt og borðuðu hádegisverð í grunnskólanum. Öll börnin fengu mjög góða innsýn í skólastarfið með þessum heimsóknum.

Heimsóknin veitir leikskóla börnunum öryggi, þau fá tækifæri til þess að upplifa það sem fer fram í skólanum. Þau fá að læra á skólabjölluna og kynna sér salernisaðstöðuna en þessir litlu þættir eru það sem skipta miklu máli fyrir öryggiskennd barnanna sem senn hefja grunnskóla göngu. Grunnskólanemendur fá tækifæri til að aðstoða leikskóla hópinn og kynna helstu atriði sem þeim finnst skipta máli í skólanum.

Mikilvægt er að kennarar fylgja hópnum í heimsóknir það veitir þeim innsýn í skólastarfið og er því auðveldara að ræða við börnin um grunnskólagönguna sem er framundan.



10.maí 2022

Vorhátíð fyrsta bekkjar og elstu barna leikskólans.

Þriðjudaginn 10. maí kom fyrsti bekkur Stóru-Vogaskóla í heimsókn í leikskólann. Dagskráin að þessu sinni var með þeim hætti að leikskólabörnin tóku á móti vinum sínum í 1. bekk á útisvæði leikskólans. Veðrið var yndislegt þennan dag svo að upplagt var að leika saman á útisvæði. Við buðum svo fyrsta bekk að borða með okkur en að þessu sinni var boðið upp á grillaðar pylsur.

2.maí 2022

Skilafundur

Aðstoðarleikskólastjóri, skólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, þroskaþjálfari yngstastigs og kennari sem tekur á móti börnunum í 1. bekk hittust og ræddu um barnahópinn. Afhent voru gögn sem gætu verið gagnleg fyrir velferð barnanna á næsta skólaári.

Júní 2022

Ragnhildur Hanna Finnbogadóttir